Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 22


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bnf. 22/5 '09
Bg. 9

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur 22. maí '09

Ár 1909 laugardaginn 22. maí kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það, er hjer segir:

1. Einari Jónssyni, Laugaveg 71, leyft að gera salerni 2° × 2¼° að stærð áfast húsi hans að húsabaki.
2. Jens B. Waage bankabókara leyft að gera salerni 6° × 2½° að stærð á lóð hans áfast húsinu í Þingholtsstr. 24.
3. Birni Ólafssyni augnlækni leyft að gera vagnskýli úr bárujárni 3½° × 12° að stærð áfast og upp við vesturhlið hesthúss hans milli Tjarnargötu og Suðurgötu.
4. Samúel Jónssyni á Kárastíg leyft að byggja skúr 11° × 6½° að stærð á baklóð hans frá Kárastíg, að lóðarmörkum með eldvarnarvegg í annari hlið.
5. Magnúsi Jónssyni, Njálsg. 41, leyft að reisa tvíloptaðan geymsluskúr, 5° × 5° áfastan húsi hans á öðrum enda og með eldvarnarvegg á hinn.
6. Jóhanni Jóhannessyni, kaupm., Bergst.st. 11 leyft að breyta glugga á húsi hans, Laugav. 19
7. Guðjóni Björnssyni leyft að gera viðbót við skúr við vesturhlið húss hans Bræðrab.stíg 26, þannig að skúrinn verði jafnlangur húsinu og verði þá viðbótin 1° × 4°, ennfremur salerni áfast skúrnum 1½° á hvern veg.
8. Guðm. Hannesson, hjeraðslæknir, spyr hvort byggingarnefnd muni vilja veita leyfi sitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til, að hann megi reisa hús á bletti sjera Eiríks Briem milli Barnaskólans og Bókhlöðustígs. Byggingarnefnd svarar því að hún vilji ekki hagga neitt aðungerðum ákvæðum um að halda svæði þessu óbygðu.

× 9. Birni Jónssyni, skósmið, Hverfisg. 26, leyft með 3 atkv. gegn 2 (Kr. Þorgr. og Sv. Jóns.) að byggja einlopta íbúðarhús 12° x 11 3/4 að stærð á nefndri lóð hans 3° frá austur eldra húsi hans og með eldvarnargafli í austurenda hússins að lóðarmörkum. En nefndin telur óheimilt að telja hús þessi hvort frá öðru.

10. Hlutafjel. "Völundi" leyft með 4 atkv. gegn 1 (Kr. Þorgr.) að setja tvo lága þrísetta glugga á portið á framhlið hússins Laugav. 1 þ, sinn á hvorn enda. Kr. Þorgrímsson er þessu andvígur og óskar, að teikning af þessu verði lögð fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

× 11. Þórhalli biskup Bjarnarsyni leyft að gera tvílopta viðbót við hús sitt að austanverðu jafnbreiða húsinu 13 1/2 al. og 8 al. á lengd; við viðbótina er inngönguskúr með dyralopti yfir, 4° x 3 1/2 að stærð. Ennfremur sækir biskup um að fá breytt í byggingarlóð 5760 – 512 a° = 5248 feralnum og mælir byggingarnefnd með þeirri beiðni, gegn venjulegu 20% afgjaldi og verði verð hverrar feralnar metið síðar, ef ekki næst samkomulag.

× 12. Lögð fram beiðni frá Jóhannesi snikkara Lárussyni um að fá undanþágu frá því að byggja eldvarnarvegg á húsið Hverfisgötu 18 c, er stendur aðeins 3° frá lóðarmörkum.
Byggingarnefndin neitar að veita þessa undanþágu og krefst þess, að annaðhvort verði byggður eldvarnarveggur í norðurhlið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsinu 18 C við Hverfisgötu, eða að lóðamörk-
in(um) milli 18 C annarsvegar og 18 A og 18 B
hinsvegar verði fært svo, að ekkert þessara
húsa eða útihúsa við þau standi nær lóð-
armörkum en 5 álnir, nema eldvarnar-
veggur heimili.

Ef ekki verður innan næsta bygging-
arnefndarfundar komin fram skrifleg
yfirlýsing um að þessu skuli verða full-
nægt innan loka júnímánaðar næstk.,
heldur byggingarnefndin fast við kröfu
sína á fundi 27. marz þ. á., að Jóhannes
snikkari Lárusson sæti sektum fyrir ólögleg-
ri sundurskiptingu lóðar og byggingar, og að
hlutaðeigandi þá verði skyldaður til að
rífa niður húsið Hverfisg. 18 C., nema lag-
fært verði.

Allir á fundi nefndarm. K. Zimsen. Kr. Þorgr. fór áður en fundi var lok.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Páll Einarsson

Rögnv. Ólafsson

Sveinn Jónsson

Jón Jensson

Sig. Thoroddsen
(ósamþykkur 10. lið)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HLUTAFJELAGIÐ „VÖLUNDUR“
KLAPPARLÓÐ.

Talsimi No. 57.

SKRIFSTOFA-TRJESMIÐAVERKSTOFA.
TIMBURBIRGÐIR.

Simskeyti: „VÖLUNDUR“.

Reykjavik, d. ..................... 190

Fyrir hönd hlutafjel. „Völundur“ leyfum við okkur enn á ný að senda hinni heiðruðu bygginganefnd Reykjavíkur, beiðni um að meiga ~~breita~~ gluggum á húsinu á Laugaveg 17 þannig að í staðin fyrir að þeir eru samþykktir ~~sem~~ þakgluggar að þeir megi færast á port hússins, eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Reykjavik 15 mai 1909

p.p. Hlutafjelagið „Völundur“.
Stjórnin

Til bygginganefndarinnar í Reykjavik

B. Rek. $\frac{287}{1909}$ B. J. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 21 Maí 1909

Til Byggingarnefndarinnar
í Reykjavík

Hjer með bið jeg hina
heiðruðu byggingarnefnd
svo vel gjöra og mæla
undir Geymsluskúr
á lóð minni 41 við
Njálsgötu eptir því sem
uppdrátturinn sýnir

Virðingafyllst
Magnus Jónsson
Njálsgötu 41

B. Rvk. 286/1909 B 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með sendi jeg hinni heiðruðu bygginganefnd, samkvæmt ósk hennar, skriflega neitun frá lóðareigandanum að № 18 B. við Hverfisgötu, um að hann vilji ekki selja 2 álna breiða lóðarræmu til viðbótar lóðinni № 18 C við sömu götu. Eigandann að lóðinni № 18 A. hefi jeg ekki getað fengið til að gefa mjer skriflega yfirlýsingu, að hann ekki vilji selja hina umbeðnu lóðarræmu, og vildi jeg því helst óska eptir að bygginganefndin kallaði hann fyrir sig til þess að hún geti heyrt frá sjálfum honum að hann neitar sölu á hinni umgreindu lóðarræmu.

Jeg vil ennfremur geta þess í sambandi við beiðni mína síðast, um undanþágu frá byggingarsamþykktinni, að á lóðinni № 18 A liggur svo kvöð að vegur að húsinu 18 B. liggur á efri hluta lóðarinnar, eins og uppdrátturinn sýnir, og verður þessvegna ómögulegt að byggja á þeim hluta lóðarinnar. En lóðin № 18 B er bygð svo mikið að að fleyri byggingar geta ekki á hana komist.

Og að síðustu óska jeg og vona að hin heiðraða bygginganefnd ráði máli þessu til lykta á þann heppilegasta hátt sem henni er unt.

Reykjavík 15 maí 1909

Með virðingu

Jóhannes Lárusson

Til bygginganefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 285/1909 B 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt ósk yðar læt ég yður hér með vita, að 2 álna breiða lóðarræma af lóð minni, sem tilheyrir húsinu 18 B. við Hverfisgötu og sem þér hafið falað til kaups, er ófáanleg.

Reykjavík 14 maí 1909

virðingarfyllst

H. Jónsson

Til
Herra Jóhannesar Lárussonar
Reykjavík.

B. Rvk. 285/1909 D. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikjavík, 7. maí 1909.

Þar eð háttvirtri biggingarnefnd Reikjavíkur kaupstaðar sindist ekki tiltækilegt, að jeg biggði vagnskíli bak við íbúðarhús mitt af því, að mjer skilst, að ofmikið bæri á því frá Tjarnargötu, þá vil jeg hjermeð mælast til, að firnefnt skíli mætti standa á næstu lóð firir norðan hús mitt við Tjarnargötu bak við hesthús, sem þar er, og áfast við það. Stærð skílisins vildi jeg hafa 3½ × 12 al. og sje þakhæðin 3 al. að vestan og 3¼ al. að austan. Afstaða skílisins við hesthúsið og næstu götur sjest á hjálögðu blaði.

Virðingarfillst
Björn Ólafsson

B. Rvk. 284/1909 B X 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður bið
hina háttvirtu byggingar-
nefnd Reykjavíkurkaup-
staðar, að veita mér leyfi
til þess að byggja verkstæði
á lóð minni við Kárastíg,
eftir meðfylgjandi uppdrætti.

Virðingarfyllst
Reykjavík 18-5-05

Samúel Jónsson trésm.

B. Rvk. 283/1909 B. 7.9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í húsi mínu við Laugaveg 19 hjer í bænum er sölubúð með einum glugga framað götunni; gluggi þessi er nú með krosspósti og hefi eg hugsað mjer að breita honum þannig, að í hans stað komi ein rúða, en til þessa þarf eg að færa glugga opið niður um c 1 alen.

Til þess að gjöra breitingu þessa vildi eg hjer með sækja um leifi hinnar háttvirtu byggingarnefndar.

Reykjavík 20/5 1909

Joh. Jóhannesson

Til
Byggingarnefndarinnar
í Reykjavík

B. Rok. 282/1909 By 9.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég beiðist leyfis að lengja hús mitt 8 álnir austur. Breiddin söm 13½ al. Skúr við norðurhlið viðbótar 4 x 3½ álnir. Skúrar í porti mínu færðust eða fellu niður. En kvistglugga þarf á þau herbergi, sem glugga missa við breytinguna.

/.

Teikning er með frá Rögnvaldi húsameistara Ólafssyni.

80 x 72 alm
80 að a. gr.

Samtímis óska ég að fá ~~2000~~ ~~2200~~ C. 5760 ferálnum af erfðafestulandi breytt í lóð, þar sem nú standa hús mín og sáðgarður, og fylgi girðingu að austan (ofan) og sunnan, en færist út lítið eitt að vestan (neðan við peningshús) og meir að norðan, og verði allur lóðaraukinn sem næst réttur ferhyrningur.

Fyrir ofan mig ~~24~~ 33 álna breiðrem með Laufásvegi, frá hliði suður úr, er lóð, og yrði lóðarviðaukinn þetta til viðbótar niður af eldri lóðinni.

Tvö lóðarþetti á ég, annað við Laufásveg, geira þar niður, leifar af lóð upphaflega útvísaðri Jóhönnu Jónsdóttur, lóð sem síra Guðmundur Helgason keypti nestalla, hitt þettið niður af suðurhlið á lóð Ólafs faktors Davíðssonar, útvísað (mælt í maímánuði (1899??) af Helga Helgasyni)

281
B. Rvk.
1909 By. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með viðbót við Keyptan sáðgarð af Hamesi póst.
Alls er lóð mín nú – byggð og – 5050 ferálnir.
Stóra lóðin með Laufásvegi útvísuð í einu
(4538)
losaði 4½ þús. ferálnir, og finst þá stærð þessara
(512)
litlu lóðarbletta með fádæmi, og mörk sjást
fyrir blettinum við Laufásveg. Brotaminst væri
að þau þætti fallin úr lóðarrétti saman við erfða-
festulandið – og fargað margfalt meira af
því án niðurfærslu í gjaldi – en jafnmargar
álnir teldust mér af viðbótinni. Hagsmuna-
laust er það fyrir mig – viðbótarlóðin öll
sunnar og lengra frá vegi – en löglegra.

Sjálfur mundi eg verðsetja viðbótina 40–
50 aura alin.

Reykjavík 15. maí 1909.
Virðingarfyllst
Björn Bjarnarson

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit, að mér verði leyft að byggja viðbót við skúr við hús mitt á Bræðraborgarstíg 26 hér í bænum, og salerni áfast við skúrinn. Eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir á hin fyrirhugaða viðbót að vera framhald af lengd skúrsins norður með vesturhlið hússins, þannig að skúrinn verði jafnlangur húsinu, og verður viðbótin 1 alin á þann veginn; en á hinn veginn ræður breidd skúrsins, 3 álnir. Salernið er ætlast til að verði 1½ al. á hvorn veg, breidd og lengd, og sé áfast við norðurenda vesturhliðar skúrsins.

Reykjavík 22. maí 1909.

Guðjón Björnsson.

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Rvk. 280/1909 B⁷⁄₉

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórhallur biskup Bjarnarson.




B. Rvk. 281/1909 By. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjermeð að sækja um leyfi hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur til að byggja salerni við hús mitt, nr. 24 í Þingholtsstræti. Salerni hússins hafa hingaðtil verið niðri í kjallaranum og valdið óþrifum og spilt andrúmsloftinu; er því nauðsyn á að þau sjeu flutt.

Salernin eru tvö samföst, 6 álnir á lengd, 2½ al. á breidd og 7 fet á hæð. Þau eru bygð áföst við vesturhlið hússins og eru 7 álnir frá þeim útá lóðartakmörkin. Hjálagður uppdráttur af lóðinni sýnir legu salernanna.

Reykjavík, 10. maí 1909

Jens B. Waage.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rok. 279/1909 By. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14. Maí 1909

Jeg undirritaður leifi mér hér með að biðja háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur-bæar, að leifa mér að byggja salerni við hús mitt á Laugarveg No. 71, samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

Virðingarfylst.

Einar Jónsson

Þ. Rvk. 278/1909 Byg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvk 8. Maí 1909.

Sökum þess að til tals hefur komið að jeg keypti blett fyrir hússtæði á túni sjera Eiríki Briems að norðanverðu við barnaskólann milli hans og Bókhlöðustígs, leyfi jeg mjer að spyrja byggingarnefnd:

1.) Hvort hún fyrir sitt leyti leyfi að hús sjeu reist á svæði þessu.

2.) Í hverri línu hún vill láta byggja húsin.

Sem stendur er bletturinn þessi lítil bæjarprýði, ósamstæður við auða svæðið að norðan, hornskakkur með bakhliðum húsa út að einni af laglegustu götum bæjarins og auk þess rennblaut óþrifa-mýri sem bráðnauðsynlegt væri að fylla upp og þurka. Virðist mjer sem bænum sje um tvennt að velja: a.) að leyfa að byggja húsaröð á blettinum samhliða læknum og Lækjargötunni og snúa þá skipulegar framhliðar húsa út að henni b.) að kaupa upp á sínum tíma þau 3 hús er þegar eru byggð á svæði þessu við Laufásveg vestantil.

Mjer væri kært að fá sem fyrst fyrirspurn þessari svarað.

Virðingarfyllst

Guðm Hannesson.

B. Rvk. 277/1909 By. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer að biðja hina háttvirtu bigginganefnd Reykjavíkur bæjar svo vel gjöra og mæla mjer út hússtæði á lóð minni við Hverfisgötu hjer í bæ og sendi jeg uppdrátt af lóð og biggingum. Þar eð ekki má vera gluggar á vesturgafli verð jeg að hafa þá á suður þaki þannig að 2 gluggar verða á sama kvisti. en 2 flatir gluggar á norður þaki. leifi þetta óska jeg að mjer verði veitt við firsta tækifæri. með virðingu

Reykjavík 6 mai 1909

Björn Jónsson

Til bigginganefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 276/1909 By. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur